

OFBELDISVARNARNEFND

Ár 2017, mánudaginn 16. október, var haldinn 13. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14.18. Viðstödd voru Heiða Björg Hilmisdóttir, I. Jenný Ingudóttir og Sigríður Björk Guðjónsdóttir. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Halldóra Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkefni Byggjum brýr, brjótum múra.
Fríða Rós Valdimarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 15.04 tekur Diljá Ámundadóttir sæti á fundinum.
2. Fram fer kynning á starfsemi Bjarkarhlíðar.
Ragna Björg Guðbrandsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Fram fer umræða um drög að dagskrá vegna ráðstefnu um ungt fólk og ofbeldi og bá vitundarvakningu sem hefur átt sér stað á samfélagsmiðlum í dag undir myllumerkinu metoo.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd fagnar þeirri vitundarvakningu sem á sér stað þessa dagana gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Hún sýnir mikilvægi þess að halda áfram að vekja athygli á þessum málum m.a. með ráðstefnum, samfélagsumræðu og vinnu að kerfislegum úrbótum.

Fundi slitið kl. 16.12

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Diljá Ámundadóttir

I. Jenný Ingudóttir